

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 90/2016

2017/EES/73/25

frá 29. apríl 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1735 frá 24. september 2015 um nákvæma staðsetningu almennu viðvörunarinnar og upplýsingatextans á vafningstóbaki sem er sett á markað í pungum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1842 frá 9. október 2015 um tækniforskriftir að því er varðar útlit, hönnun og lögun mynd- og textaviðvörunarmerkinga á tóbaksvörum til reykinga ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 3. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB) í XXV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „3a. **2015 D 1735:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1735 frá 24. september 2015 um nákvæma staðsetningu almennu viðvörunarinnar og upplýsingatextans á vafningstóbaki sem er sett á markað í pungum (Stjtið. ESB L 252, 29.9.2015, bls. 49).
- 3b. **2015 D 1842:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1842 frá 9. október 2015 um tækniforskriftir að því er varðar útlit, hönnun og lögun mynd- og textaviðvörunarmerkinga á tóbaksvörum til reykinga (Stjtið. ESB L 267, 14.10.2015, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðana (ESB) 2015/1735 og (ESB) 2015/1842, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*) eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fellir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB inn í EES-samninginn, hvort sem ber upp síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 252, 29.9.2015, bls. 49.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 267, 14.10.2015, bls. 5.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.